

um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

Flm.: Sveinn Guðmundsson, Jónas G. Rafnar.

1. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að gefa út sérstakan flokk vaxtabréfa í þeim tilgangi að breyta í föst lán lausaskuldum iðnfyrirtækja, sem skylt er að greiða iðnlánasjóðsgjald, samkvæmt ákvæðum laga nr. 45 3. apríl 1963, og hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þau hafa ráðizt í á árunum 1957—1961, að báðum árum meðtöldum.

Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar, sem Iðnlánasjóður stofnar til samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og takmarkast ábyrgðin eigi af ákvæðum 1. mgr. 6. gr. laga um Iðnlánasjóð.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum og vélum iðnfyrirtækja. Hámarkslánstími skal vera sem hér segir: Lán út á fasteignir 15 ár og lán út á vélar 7 ár.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn Iðnlánasjóðs, að höfðu samráði við ráðherra.

3. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 60% af matsverði veðsins.

4. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði laga nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

5. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt af erfiðustu viðfangsefnum iðnfyrirtækja undanfarinn áratug hefur verið skortur á lánsfé. Hin þráláta verðbólga, sem ríkt hefur síðustu tvo áratugi, hefur haft í för með sér, að stöðugt fleiri krónur hefur þurft til þess að viðhalda ákveðinni framleiðslustarfsemi. Þau ákvæði, sem lengst af hafa gilt um skattlagningu fyrirtækja og verðlagningu á þessu tímabili, hafa komið í veg fyrir, að þau gætu aukið rekstrarfé sitt til samræmis við aukna rekstrarfjárförf, vegna hækkunar á verðmæti hráefnabirgða og annars þess, sem til framleiðslunnar þarf. Við þetta hefur svo bætt misræmi í útlánnum bankanna til hinna einstöku atvinnuvega og getuleysi Iðnlánasjóðs til veitingar stofnlána. Úr því hefur að vísu rætt á síðustu tveimur árum og þá fyrst og fremst er farið var að veita Iðnlánasjóði hluta af hinum svonefndu PL-480 lánnum. Fyrsta lánið af því fé fékk sjóðurinn til umráða síðari hluta ársins 1961, 15 millj. kr. Með nýjum lögum um Iðnlánasjóð á þessu ári er einnig stuðlað mjög að eflingu útlánagetu hans í framtíðinni, m. a. með árvissum tekjum (iðnlánasjóðsgjaldi), sem iðnfyrirtækjum er gert að greiða til sjóðsins. Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er hins vegar ætlað að bæta úr þeim örðugleikum, sem skapast hafa í iðnaðinum, áður en umræddar úrbætur koma til framkvæmda. Hliðstæðar aðgerðir hafa verið gerðar til þess að bæta fjárhagsaðstöðu sjávarútvegsins með lögum nr. 48 frá 1961 og landbúnaðarins með lögum nr. 15 frá 1962.

Hinn 29. sept. 1959 skipaði þáverandi iðnaðarmálaráðherra nefnd undir forsæti dr. Jóhannesar Nordals til að athuga lánamál iðnaðarins. Nefndin skilaði endanlegu álitu 10. apríl 1962, og var þar m. a. fjallað um breytingu lausaskulda iðnaðarins í föst lán. Í nefndarálitinu segir m. a.:

„Breyting á stuttum skuldum iðnaðarins í lengri lán gæti átt sér stað annaðhvort með því, að hver viðskiptabankanna um sig semdi við þá viðskiptamenn sína, sem þörf hefðu á slíkri fyrirgreiðslu, eða einn aðili, t. d. Iðnlánasjóður, tæki að sér þessar lánveitingar fyrir hönd viðskiptabankanna, sem síðan keyptu verðbréf sjóðsins til greiðslu á lausaskuldum við sig. Hvor leiðin verður valin, verður fyrst og fremst að fara eftir óskum viðskiptabankanna, enda verður framkvæmd málsins öll að vera í þeirra höndum. Nefndin telur þó margt mæla með því, að slíkar lánveitingar væru allar í höndum einnar stofnunar, en með því mundi fást betra heildarfírlit og meira samræmi í fyrirgreiðslum.

Hitt atriðið, skipulagning fjárfestingarlána til iðnaðarins í framtíðinni, væri eðlilegt að skoða sem áframhald þeirra lána, er veitt væru til að breyta núverandi lausaskuldum í lengri lán. Og það er ekki sízt af þeim sökum, sem nefndin er þeirrar skoðunar, að heppilegt væri, að viðskiptabankarnir sameinuðu þessi lán að einhverju leyti hjá lánsstofnun, sem þeir ættu sameiginlega aðild að. Væri hægt í sambandi við hana að koma á fót skipulegri starfsemi með það fyrir augum að meta láns-umsóknir og leiðbeina hönkunum um veitingu fjárfestingarlána. Ef slík starfsemi væri í höndum Iðnlánasjóðs, yrði að setja um hana sérstakar reglur, þar sem viðskiptabankarnir mundu vilja hafa áhrif á ráðstöfun þess fjármagns, sem þeir sjálfir legðu til í þessu skyni, en til þessara lána gætu gengið á hverju ári í fyrsta lagi endurgreiðslur fyrri lána, þar á meðal lána, sem veitt yrðu til breytinga á lausaskuldum, og í öðru lagi, þ. e. viðskiptabankarnir hver um sig teldu sér fært að leggja í fjárfestingarlán til iðnaðar á hverju ári. Um þetta síðara þyrfti að sjálfsögðu að taka fullt tillit til ástandsins í peningamálum almennt, enda væru slíkar ákvarðanir teknar í fullu samráði við Seðlabankann.“

Sú hugsun, sem kemur m. a. fram í áliti nefndarinnar um samræmd lán til iðnaðarins, var framkvæmd í Danmörku með stofnun Finansieringsinstituttet for Industri og Haandværk A/S árið 1958. En þeir, sem lögðu fram hlutafé til þessarar lánastofnunar, voru þjóðbankinn, einkabankar, sparisjóðir, tryggingafélög ásamt iðnaðinum og samtökum hans. Kemur ef til vill til álita síðar að athuga möguleika á slíkri samræmingu í útlánunum til iðnaðarins af hálfu sambærilegra aðila hér samhliða Iðnlánasjóði.

Hinn 3. júní 1958 samþykkti Alþingi svo hljóðandi ályktun um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að vinna að því, að iðnaðurinn fái aukið rekstrarfé með því að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnfyrirtækja.“ Enda þótt endurkaup iðnaðarvíxla hafi enn eigi náð fram að ganga, varð samþykkt þessarar tillögu til þess, að iðnaðarmálaráðherra skipaði nefnd þá, er að framan getur, til athugunar á lánamálum iðnaðarins. Skilaði nefndin m. a. ýtarlegum tillögum um eflingu Iðnlánasjóðs, sem síðar urðu uppistaða í nýjum lögum um sjóðinn, sem samþykkt voru á síðasta Alþingi. Að því ber að sjálfsögðu að stefna, að iðnaðurinn hljóti fyllsta jafnrétti við hina höfuðatvinnuvegina og að Seðlabankinn setji reglur þar að lútandi.

Engu að síður teljum við mest aðkallandi endurbót í lánamálum iðnaðarins í dag breytingu á lausaskuldum hans í föst lán.